



RANNSÓKNARSTOFNUN  
KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS

# **Mat á starfi leikskólans Króks í Grindavík**

**Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið**

**Bryndís Garðarsdóttir  
Steinunn Helga Lárusdóttir**

**Desember 2003**

## Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Króks í Grindavík. Matið tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli Rannsóknarstofnunar KHÍ og menntamálaráðuneytis í september 2003. Á grundvelli hans var kannað hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og Aðalnámskrá leikskóla.

Af niðurstöðum matsins má ráða að mjög vel er staðið að mörgum þáttum í starfi og stjórnun leikskólans. Þar ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, milli barnanna og við börn og foreldra. Þá eru foreldrar mjög ánægðir með það starf sem fram fer í leikskólanum. Meginkostir leikskólans felast í stjórnun hans og markvissu uppeldis- og menntastarfi þar sem frjáls leikur er í fyrirrúmi. Helstu veikleikar eru flókið rekstrarform og lágt hlutfall fagmenntaðs fólks.

## Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Króks í Grindavík. Matið var unnið á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands fyrir menntamála-ráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Bryndís Garðarsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektorar við Kennaraháskóla Íslands. Ráðgjafi við verkið var Arna H. Jónsdóttir, lektor og er henni þakkað fyrir góð ráð og ábendingar. Ingunn Ásdísardóttir las lokahandrit.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki og foreldrum barna í Króki fyrir ánægjulegt samstarf á meðan á matinu stóð. Sérstakar þakkir fær leikskólastjóri fyrir góðar móttökur og aðstoð við gagnaöflun.

Reykjavík desember 2003

Bryndís Garðarsdóttir

Steinunn Helga Lárusdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>2</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
Gagnaöflun .....	5
<b>Aðstaða og búnaður</b> .....	<b>6</b>
Húsnæði, búnaður og kennslugögn .....	6
Aðstaða í eldhúsi .....	8
Umhverfi leikskólans og útileiksvæði .....	8
Samantekt og mat .....	8
<b>Stjórnun, rekstur og starfsmannahald</b> .....	<b>9</b>
Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun .....	9
Verkaskipting stjórnenda og starfsfólks .....	10
Fundir og boðskipti .....	10
Starfsmannahandbók .....	10
Samantekt og mat .....	11
<b>Uppeldis- og menntastarfið</b> .....	<b>11</b>
Fjöldi barna, skipting á deildir og viðvera .....	11
Skólanámskrá .....	12
Dagskipulag .....	12
Sérþarfir barna .....	14
Námssvið og námsþættir .....	15
Mat á leikskólastarfinu .....	16
Þróunarverkefni og umbótastarf .....	16
Framtíðarsýn .....	17
Samantekt og mat .....	17
<b>Samskipti, samstarf og starfsandi</b> .....	<b>18</b>
Samskipti milli starfsmanna .....	18
Samskipti barna og starfsmanna .....	19
Viðhorf og samskipti barna .....	19
<b>Samstarf og samskipti við umhverfi skólans</b> .....	<b>19</b>
Samstarf við foreldra .....	20
Viðhorf foreldra .....	20
Aðrir samstarfsaðilar .....	21
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>21</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>23</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>24</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>25</b>
Viðtalsrammi fyrir leikskólastjóra Króks .....	26
Viðtalsrammi fyrir deildarstjóra .....	27
Viðtalsrammi fyrir leiðbeinendur og fagstjóra .....	29

## Inngangur

Leikskólinn Krókur stendur við Stumphólsveg í útjaðri Grindavíkur og tók til starfa 5. febrúar 2001. Leikskólinn er fjögurra deilda og skiptist þannig að tvær deildir eru ætlaðar fyrir átján mánaða til þriggja ára börn, Gulanes og Rauðasel, og tvær fyrir þriggja til fimm ára börn, Grænahlíð og Bláaberg. Leikskólinn Krókur er einkarekinn og er með verksamning við Grindavíkurbæ. Húsnæði leikskólans er í eigu Nýsis, sem á og rekur húsnæðið en rekstraraðili leikskólastarfsins er RV- Ráðgjöf – verktak (hér eftir nefnt RV- Ráðgjöf) í Reykjanesbæ. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 fer fræðslu – og uppeldisnefnd Grindavíkur með faglegt eftirlit leikskólans í umboði bæjarstjórnar.

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 17,97. Stöðugildi vegna stjórnunar er 1,30. Á yngri deildunum eru stöðugildin samtals 7,39 og á eldri deilum eru þau 4,89. Stöðugildi í eldhúsi eru 1,5 og vegna afleysinga 0,63. Stöðugildi vegna sérkennslu eru 2,26. Markmið leikskólans er *að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, breytingu og listsköpun í leik og starfi*. Leiðir að þessum markmiðum taka mið af heilsustefnunni, sem þróuð hefur verið af leikskólakennurum í leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi í samstarfi við landlæknisembættið. Einnig er *fjáls leikur* nefndur sem mikilvægur í námi og þroska barnsins. Leikskólastjóri Króks er Hulda Jóhannsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Bylgja K. Héðinsdóttir. Leikskólinn er opinn frá 07:45 – 17:15.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í september 2003, kemur fram að matinu sé ætlað að leiða í ljós hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og Aðalnámskrá leikskóla. Meðal atriða sem matið skyldi beinast að eru stjórnun og rekstur, samskipti og samstarf, aðstaða og búnaður og innra starf leikskólans.

### Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Fundir voru haldnir með leikskólastjóra, deildarstjórum, leiðbeinendum, fulltrúum foreldra og starfsfólki eldhúss. Þátttakendur á fundunum voru alls tuttugu og stóð hver fundur í um klukkustund. Í viðtölunum var stuðst við ákveðinn viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat menntamálaráðuneytisins beindist að (fylgiskjal 1). Samhliða

viðtölum fóru fram vettvangsathuganir. Skráð gögn sem stuðst var við voru drög að skólanámskrá, kynningarbæklingur, starfsmannahandbók, ársskýrsla síðasta leikskólaárs, fréttabréf ætlað starfsfólki og fréttabréf ætlað foreldrum, niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal foreldra, áherslur í foreldraviðtölum og dagskipulag deilda.

## **Aðstaða og búnaður**

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans Króks í heimsóknum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana og viðtala við starfsmenn og foreldra.

### **Húsnæði, búnaður og kennslugögn**

Í reglugerð um leikskóla (nr. 365/2001) er kveðið á um að hússkipan skuli miðast við að mögulegt sé að starfa í samræmi við námssvið í Aðalnámskrá leikskóla. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um leikskóla (nr. 225/1995, 365/2001) og áherslum í Aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a.: „Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:12-13).

Leikskólinn Krókur er fjögurra deilda og hefur hver deild til umráða tvær leikstofur, heimastofu og minna herbergi inn af henni. Heimastofurnar eru bjartar og vísa út á leiksvæðið. Í heimastofum yngri barnanna eru borð og stólar, sófi og hilla sem myndar lítinn leikkrók, auk bókahilla. Leikefni barnanna er m.a. ýmis konar kubbar, púðar, bílar, dúkkur og pússluspil. Á veggjum hanga myndverk eftir börnin og afmælisdagatal barnanna á deildinni. Í minna herberginu, sem jafnframt er hvíldarherbergi, eru hillur með hvíldardýnum, teppum og tuskudýrum sem börnin hafa aðgang að í leik sínum. Í heimastofum eldri barnanna eru borð og stólar, sófi og hillur sem skipta leikstofunni upp í króka. Meðal leikefnis sem er aðgengilegt börnunum eru einingakubbar, legokubbar og dýr. Perlur, litir og ýmis efniviður til skapandi starfs er geymt í lokuðum skáp. Þrjár tölvur ætlaðar börnum eru staðsettar á eldri deildunum. Hvor deild fyrir sig hefur eina tölvu og skiptast svo á mánuð í senn með þá þriðju. Á öllum deildum hafa börnin gott aðgengi að bókum.

Í leikskólanum er stórt sameiginlegt rými, Gjáin, sem allar deildir nýta. Þar er hreyfisalur, listasmiðja og fjórir leikkrókar þar sem hvor aldurshópur fyrir sig hefur aðstöðu og búnað til bygginga- og hlutverkaleikja. Leikkrókarnir eru aðlagðir aldri barnanna og eru staðsettir fyrir framan Gulanes og Rauðasel (yngri deildir) og fyrir framan Bláaberg og Grænuhlíð (eldri deildir).

Fataherbergi eru staðsett í sitt hvorum enda hússins, yngri börnin deila fataherbergi í austurenda og eldri börnin í vesturenda. Börnin borða í sameiginlegum matsal sem staðsettur er í miðri Gjáinni, fyrst borða börnin á yngri deildunum og síðan börnin á eldri deildunum. Í starfsmannarými er viðtalsherbergi, skrifstofa leikskólastjóra, vinnuherbergi, setustofa og snyrting. Eldhús er staðsett í enda starfsmannarýmis, í góðri tengingu við matsal. Gjáin skilur þannig að leikstofur annars vegar og fataherbergi, eldhús og starfsmannarými hins vegar.

Grunnflatarmál leikskólans er 648 m<sup>2</sup>. Heildarrými á hvert barn er 7,7 m<sup>2</sup> fyrir hluta dags þegar börnin eru flest en meira síðdegis þegar börnunum fækkar. Leik - og kennslurými er um 406,8 m<sup>2</sup> eða 4,8 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn þegar þau eru flest. Rými fyrir hvert barn er því nokkuð yfir þeim viðmiðunarmörkum (6,5 m<sup>2</sup> / 3,5 m<sup>2</sup>) sem kveðið er á um í reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Lóð leikskólans er 3.740 m<sup>2</sup> og rými fyrir hvert barn því 32,8 m<sup>2</sup> sem er innan við eða í samræmi við þau lágmarksviðmið ( 30 – 40 m<sup>2</sup> ) sem kveðið er á um í reglugerð um starfsemi leikskóla.

Starfsmenn lýsa mikilli ánægju með húsnæði leikskólans. Það sé bjart og rúmgott og góð aðstaða sé til hreyfingar og listsköpunar. Gjáin (alrýmið) nýtist mjög vel með deildarrýminu og gefi mikla möguleika í leikskólastarfinu. Sérstaklega er tekið fram að hljóðeinangrun sé góð. Einnig kom fram almenn ánægja með rými í leikstofum. Foreldrar nefna sem kost að skólinn sé opinn og myndi eina heild. Þannig umgangist og kynnist öll börnin en ekki einungis hver deild fyrir sig. Einnig nefna þeir ákveðið frjálrsræði og að einstaklingurinn fái að njóta sín m.a. með því að velja sér viðfangsefni. Nokkrir starfsmenn nefndu það sem ókost að fataherbergin væru staðsett fjarri leikstofum og að það hefði áhrif á dagleg tengsl við foreldra. Aðrir töldu að nokkuð góð regla væri á því að foreldrar fylgdu börnum sínum inn og komið væri til móts við þá fáu sem ekki gerðu það. Þá er einnig nefnt að aðstaða í fataherbergjum sé ekki nægilega góð, of fá fatahólf og að þar skapist þrengsli þegar flest sé. Nokkrir nefna að vinnuherbergi og kaffistofa starfsfólks sé í minna lagi en nýtingin sé ágætlega skipulögð. Allt starfsfólk er ánægt með leikefni og búnað

leikskólans. Það leikefni sem oftast er nefnt, bæði af starfsmönnum og foreldrum, eru holukubbarnir (hollow blocks). Þeir eru taldir skapandi leikefni sem ýti undir frjálsan leik og samvinnu barnanna. Foreldrar telja það kost að leikefni sé ekki það sama í leikskólanum og heima, það ýti undir fjölbreytni og hugmyndaflug í leik barnanna. Nokkrir höfðu orð á því að í byrjun hefði þeim fundist vera lítið um leikefni. Síðar hefðu þeir uppgötvað að það væri til staðar þó svo að ekki væri um að ræða hefðbundin leikföng eða að það væri sýnilegt. Sem dæmi er nefnt að börnin leika mikið með dýnur sem þau ýmist byggja hús úr eða annað sem hugmyndaflugið býður. Þá liggur sumt af leikefninu ekki alltaf frammi.

### **Aðstaða í eldhúsi**

Eldhúsið er staðsett fyrir miðri Gjánni og þar starfa tveir starfsmenn. Þeir lýsa yfir ánægju með tengsl eldhúss við önnur rými leikskólans. Staðsetning þess geri það að verkum að þeir séu í miklum tengslum við leikskólastarfið og börnin. Vinnuaðstöðuna í eldhúsinu telja þeir góða, stutt sé á milli vinnustöðva og góðar matvælageymslur. Helst finnst þeim vanta stóla á hjólum sem hægt er að hækka og lækka þar sem starfið feli í sér miklar stöður og erfiðar hreyfingar.

### **Umhverfi leikskólans og útileiksvæði**

Í viðtölum við starfsmenn leikskólans kemur fram að umhverfi og staðsetning leikskólans sé góð. Nefnt er að stutt sé í ósnortna náttúru og möguleikar til vettvangsferða og náttúruskoðana því miklir. Starfsmenn telja útileiksvæðið gott og að leiktæki og búnaður sé við hæfi barnanna þó svo að einstaka leiktæki hafi vakið áhyggjur í byrjun. Foreldrar nefna að lóðin sé stór og því erfitt að hafa yfirsýn yfir hana. Einnig er nefnt að garðurinn sé opinn fyrir veðri og vindum.

### **Samantekt og mat**

Skýrsluhöfundar taka undir það að húsnæði leikskólans er bjart og rúmgott þar sem leik- og vinnusvæði barna tengjast vel deildum og fataherbergjum. Tekið er undir að fataherbergi eru þröng. Það sama á við um vinnuherbergi og kaffistofu starfsmanna. Efniviður til leiks er ekki mjög mikill en það leikefni sem boðið er upp á er skapandi og styður við frjálsan leik og virkni barnanna. Heimastofur eldri barnanna eru vel útbúnar hvað varðar húsgögn og leikefni og skipulag býður upp á að börnin skipti sér í minni hópa. Í heimastofum yngri barnanna er komið til móts við hreyfipörf þessa



aldurshóps með því að hafa rýmið opið þannig að gólfpláss sé meira. Möguleikar barnanna til að nálgast leikefnið sjálf eru þó takmarkaðir þannig að þau eru háð hinum fullorðnu um val á viðfangsefni. Huga þarf betur að því að leikefni og umhverfi á yngstu deildunum sé við hæfi þess aldurshóps sem þar er hverju sinni. Borð og stólar eru eingöngu í hæð fullorðinna og lítið er um leikefni/leikföng sem börnin geta leikið með saman t.d. kerrur, hús/tjald eða annað sem stuðlar að samleik og samvinnu. Þá eru myndverk barnanna, sem skreyta veggum inni á deildum og í sameiginlegu rými, hátt uppi þannig að óvíst er að börnin njóti þeirra.

## **Stjórnun, rekstur og starfsmannahald**

Í viðtali við leikskólastjóra, deildarstjóra og leiðbeinendur var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fundi, boðskipti og verkaskiptingu. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem fram komu í þessum viðtölum svo og í þeim skriflegu gögnum sem skýrsluhöfundar höfðu aðgang að.

### **Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun**

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru um átján. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt gegnir stöðu deildarstjóra, eru með leikskólakennaramenntun. Tveir deildarstjórar eru á öðru námsári á leikskólabraut Kennaraháskóla Íslands og einn er með fimm ára starfsaldur í leikskóla og hefur sótt mörg námskeið í tengslum við leikskólastarf. Fram kemur að tveir deildarstjórar, leikskólakennari og þroskaþjálfari, eru í barneignarleyfi og eru væntanlegir aftur til starfa á næsta ári. Leiðbeinendur hafa flestir allnokkra reynslu af leikskólastarfi eða öðru uppeldisstarfi og um helmingur þeirra hefur lokið námskeiðum í tengslum við starfsvettvanginn. Fagstjóri í listgreinum hefur lokið ýmsum námskeiðum í listgreinum og kjarnanámskeiði fyrir leiðbeinendur í leikskóla. Fagstjóri í hreyfingu hefur lokið tveimur árum á uppeldisbraut í fjölbrautaskóla og er með einkaþjálfarapróf auk þess að hafa lokið námskeiði um hreyfingu barna. Matráður í eldhúsi er lærður matartæknir og hefur auk þess lokið ýmsum námskeiðum í matreiðslu. Aðstoðarmaður í eldhúsi hefur lokið kjarnanámskeiði, námskeiði um næringu og sérfaði auk ýmissa matreiðslunámskeiða.

## **Verkaskipting stjórnenda og starfsfólks**

Í starfslýsingum leikskólakennara segir m.a. um hlutverk leikskólastjóra að hann sé faglegur leiðtogi og að meginverkefni hans sé að stjórna daglegri starfsemi leikskólans, gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans. Einnig að sjá um miðlun upplýsinga til deildarstjóra, að deila verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og gera símenntunaráætlun (Starfslýsingar leikskólakennara, 2002).

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri mynda stjórnunarteymi og leggja áherslu á öflugt upplýsingastreymi í formi funda og fréttabréfa inn á deildir. Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að hún láti deildarstjóra axla ákveðna ábyrgð. Hún tekur sem dæmi að öll mál sem starfsmenn þurfa að ræða eða fá upplýsingar um í beinum tengslum við deildarstarfið eru í verkahring deildarstjóra. Ef málin snúa að deildarstjóra og hlutverki hans þá leita starfsmenn til yfirstjórnar sem eru þá leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri.

## **Fundir og boðskipti**

Fram kemur að stuttir deildarstjórafundir eru haldnir alla morgna þar sem farið er yfir stöðu mála, svo sem veikindi starfsmanna og verkefni dagsins. Upplýsingar um það sem fram kemur á þessum fundum er skráð í dagbók deildarinnar. Einu sinni í mánuði eru haldnir fagfundir þar sem farið er yfir skipulag og viðfangsefni leikskólastarfsins, erindi frá starfsmönnum rædd og tekin sameiginleg ákvörðun um þau. Í framhaldi af fagfundum eru mánaðarlegir starfsmanna- og deildarfundir undirbúnir þar sem frekari útfærsla starfsins á hverri deild er ákveðin. *Skilaboðaskjóðan* er fréttabréf ætlað starfsmönnum leikskólans og er því dreift inn á allar deildir. Þar koma m.a. fram upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni, má þar nefna námskeið, starfsmannabreytingar, kynningu á nemum í vettvangsnámi, nýtt fræðsluefni o.fl. Einnig er þar að finna ábendingar til starfsmanna varðandi innra starfið s.s. um móttöku barna og samskipti barna og fullorðinna.

## **Starfsmannahandbók**

Í starfsmannahandbók er fjallað um leikskólann sem skólastofnun og mikilvægi þess að starfsmenn samræmi skólastarfið á öllum deildum og vinni að sameiginlegum markmiðum. Fjallað er um mikilvægi jákvæðra samskipta og gildi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsmenn. Þar er einnig fjallað um starfsreglur og starfslýsingar, umgengni og frágang í leikskólanum, fundi og

skipulagsdaga. Leikskólastjóri tekur starfsmannaviðtöl einu sinni ári þar sem markmiðið er að starfsmenn fái tækifæri til að meta starf sitt og leikskólans í heild. Í ársskýrslu fyrir árið 2002 kemur fram að starfsmenn sóttu ýmis námskeið og fyrirlestra á árinu. Í skráðum gögnum kemur fram að vinna við starfsmannastefnu er á byrjunarstigi.

### **Samantekt og mat**

Starfsmenn lýsa almennri ánægju með stjórnun og upplýsingastreymi innan leikskólans. Þar er skipulag funda og skráðar upplýsingar um starfshætti og áherslur nefnt sem mikilvægur leiðarvísir í starfinu. Fram kemur, bæði hjá deildarstjórum og leiðbeinendum, að kröfur og væntingar til þeirra sem starfsmanna séu mjög skýrar af hálfu stjórnenda og að mikið sé lagt upp úr góðri samvinnu og sveigjanleika. Sem dæmi er nefnt að starfsmenn fari á milli deilda og aðstoði, t.d. í fataherbergi þegar öll börnin á deild viðkomandi starfsmanns eru komin út. Það er mjög ljóst af hálfu starfsmanna að hver og einn ber ábyrgð á öllum börnum, hvort sem þau tilheyra hans deild eða ekki. Greinilegt er að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri mynda mjög þétt stjórnunarteymi og miða bæði skipulag og stjórnunarhætti við þann starfshóp sem þær hafa yfir að ráða. Mikil vinna hefur verið lögð í að skrá áherslur og starfshætti og er augljóst að þessi skráðu gögn veita starfsmönnum mikið öryggi og skapa festu í starfinu. Í máli starfsmanna kemur vel fram að þeim finnst rödd þeirra heyrast og að þeim er treyst til verka.

## **Uppeldis- og menntastarfið**

Upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum Króki var aflað með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum.

### **Fjöldi barna, skipting á deildir og viðvera**

Heildarfjöldi barna í leikskólanum 1. nóvember 2003 var 114. Barngildi í leikskólanun eru samtals 123,3. Leikskólinn er tvísetinn og þar dvelja nú 84 börn f.h. og 66 e.h. Dvalartími er sveigjanlegur og er frá fjórum tímum og upp í níu tíma daglega. 31 barn er í heilsdagsdvöl og 88 í hálfsdagsdvöl, 53 f.h. og 35 e.h. Börnin skiptast á fjórar deildir með eftirfarandi hætti:

- Rauðasel og Gulanes eru ætlaðar börnum frá átján mánaða til þriggja ára.
  - Á Rauðaseli eru 26 börn yfir daginn, 14 drengir og 12 stúlkur.
  - Á Gulanesi eru 25 börn yfir daginn, 11 drengir og 14 stúlkur.
- Bláaberg og Grænahlíð eru ætlaðar börnum frá þriggja til sex ára.
  - Á Bláabergi eru 29 börn yfir daginn, 14 drengir og 15 stúlkur.
  - Á Grænuhlíð er 34 börn, 17 drengir og 17 stúlkur.

### Skólanámskrá

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastjóri beri ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár í samræmi við lög og reglur. Til að ná sem bestum árangri og auka líkur á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru, skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og þekkingar (Aðalnámskrá leikskóla 1999:36). Vinna við skólanámskrá Króks er á byrjunarstigi. Keyptur hefur verið grunnur að skólanámskrá og unnið hefur verið að því að aðlaga hana þörfum og aðstæðum Króks. Að sögn leikskólastjóra og deildarstjóra er vinna við skólanámskrá í gangi og fer hún fram á fagfundum og síðan hefur verið unnið með afmarkaða þætti á starfsmannafundum. Í viðtölum við starfsmenn leikskólans kemur fram mismunandi skilningur á hugtakinu námskrá og mismunandi upplifun starfsmanna af þátttöku sinni í þeirri vinnu. Mismunandi túlkun og skilning starfsmanna má ef til vill skýra með því að vinna við skólanámskrána er enn á umræðustigi og mjög skammt á veg komin. Önnur skýring gæti verið að mikil endurskipulagning hefur farið fram sem felst m.a. í nákvæmri skráningu á áherslum og leiðum í skólastarfinu. Þriðja skýringin gæti verið sú að mikill tími og orka stjórnenda hefur farið í þá vinnu. Af þeim sökum hefur ekki gefist sá tími sem þarf til að leiða vinnu starfsmanna við skólanámskrárgerðina.

### Dagskipulag

Í drögum að skólanámskrá Króks (bls. 8) segir að leikskólinn fylgi ákveðnu dagskipulagi sem sé sveigjanlegt og sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri. Þar kemur einnig fram að unnið sé með ákveðnar áherslur eða markmið í lengri eða skemmri tíma. Áhersluþættir leikskólans eru *gleði og vellíðan barnanna með áberslu á breytingu og listsköpun*. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru þeir aðilar sem hafa mótað starfið frá byrjun og frá upphafi hefur áhersla á *gleði, sköpun, virkni og virðingu barnsins fyrir sjálfu sér og umhverfi sínu* verið leiðandi þáttur í þeirri vinnu.

Leikskólastjóri kveðst þó hafa verið leitandi í byrjun varðandi útfærslu starfsins og ýmsar leiðir verið prófaðar með misjöfnum árangri. Á undanförunum mánuðum hafa starfsmenn unnið að því að undirbúa og hrinda í framkvæmd ákveðnum breytingum í kjölfar þess að leikskólinn tók upp heilsustefnuna. Til þess að geta tekið upp heilsustefnuna og kallað sig *heilsuleikskóla* þurfa leikskólar að uppfylla ákveðin skilyrði af hálfu landlæknisembættisins. Þessi skilyrði varða húsnæði og umhverfi, áherslur í starfi o.fl. Þessar breytingar fólu m.a. í sér endurskoðun á dagskipulagi þar sem rýmri tími er nú gefinn fyrir frjálsan leik og hvert barn fer nú reglulega í hópátíma í listsköpun og hreyfingu. Dagskipulag leikskólans er eftirfarandi:

07:45 – 08:00	Leikskólinn opnar
08:00 – 09:15	Morgunverður – frjáls leikur
09:15 – 11:00	Leiktími/hópastarf/söngstund
11:00 – 12:00	Útivera
12:00 – 12:20	Sögustund
12:20 – 13:00	Hádegisverður
13:00 – 14:00	Útivera
14:30 – 15:45	Síðdegishressing – frjáls leikur
15:45	Söngstund/ávextir
16:00 – 17:00	Sameinast á Grænuhlíð – frjáls leikur
17:00 – 17:15	Leikskólinn lokar

Dagskipulag yngri deildar er eins byggt upp nema að hádegisverður er hálf tíma fyrr. Tekið er fram að tímar í dagskipulagi skuli vera viðmiðunartímar. Starfsmenn eru sammála um og lýsa yfir mikilli ánægju með að dagskipulagið gefi börnunum mun lengri og samfelldari tíma til leiks en áður. Hvert barn fer tvisvar í viku í hópastarf, einu sinni í hreyfingu og einu sinni í listsköpun. Utan þess tíma hafa börnin möguleika á frjálsum leik inni og úti. Fastir liðir fyrir utan hópastarf eru sögustund, söngstund og hádegisverður. Morgunverður er í boði á ákveðnum tíma á morgnanna og er börnunum frjálst að koma og borða innan þess tíma. Það sama gildir um síðdegishressinguna.

Helstu áherslupættir í uppeldis- og menntastarfinu á meðal yngri barnanna eru *barnið sjálft og fjölskylda þess, samskipti og vinátta*. Einnig er lögð áhersla á ákveðna sjálfshjálp eins og að klæða sig með tilliti til veðurs, ástunda hreinlæti o.fl. Á meðal

eldri barnanna er áfram unnið með *sjálfsbjálþ* en einnig með *félagslega færni, samskipti og markvissa málörvun*. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri nefna að *friðs leikur* eigi að vera og sé í fyrirrúmi í leikskólanum auk hreyfingar og listsköpunar. Því er leiknum gefið mjög mikið rými í daglegu starfi, bæði hvað varðar tíma og umhverfi. Börnin hafa val um fjölbreytt leiksvæði og velja það með því að setja mynd af sér á það svæði sem þau vilja leika sér á. Engin tímamörk eru á því hve lengi eða oft þau geta verið á hverju svæði, né mjög fastar reglur sem segja til um hvenær eigi að taka til. Þau geta því farið í útivist, hópastarf eða hádegisverð og haldið leik sínum áfram þar sem frá var horfið, að því loknu. Ef barni svo snýst hugur um það að lokinni útivist eða hópastarfi hvort það vill halda áfram leik á tilteknu svæði, þá er það ekki bundið af fyrri ákvörðun sinni og getur því valið nýtt svæði. Í samtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra kemur fram að ekki fari fram markviss skráning á gengi barnanna í leik eða hve oft eða sjaldan þau velja ákveðið svæði. Leikskólastjóri telur þær þó meðvitaðar um að það gæti þurft en ákveðið hefði verið að hafa þetta opið og leyfa börnunum að stjórna því sjálf í fyrstu.

Elsti árgangur leikskólans er í skólahóp einu sinni í viku og hópstjórar þeirra taka þátt í verkefni þar sem markmiðið er að efla tengsl á milli leik- og grunnskóla. Mikil ánægja er með þetta samstarf sem lýst er sem gagnkvæmu og á forsendum beggja skólastiganna.

### **Sérþarfir barna**

Fimm börn njóta sérkennslu í leikskólanum. Skipulag sérkennslu er mótað af þroskaþjálfara sem starfar á vegum Grindavíkurbæjar. Þrír leiðbeinendur sinna starfi stuðningsfulltrúa og hafa það hlutverk að fylgja eftir einstaklingsnámskrám þeirra barna sem fá sérstuðning auk þess að vinna að ákveðinni þjálfun, að mestu í daglegu starfi. Að mati stuðningsfulltrúanna er mjög vel staðið að sérkennslumálum í leikskólanum. Lögð er áhersla á að börnin séu sem mest inni á sinni deild og séu þannig á ábyrgð allra starfsmanna. Fram kom að ákveðin togstreita er um það hver eigi að vera yfirmaður stuðningsfulltrúanna. Þær álíta að þær tilheyri starfsmanna-hópnum og að deildarstjóri sé þeirra næsti yfirmaður. Staðreyndin er hins vegar sú að þær eru starfsmenn Grindavíkurbæjar en ekki RV- Ráðgjafar eins og aðrir starfsmenn. Þroskaþjálfari hjá Grindavíkurbæ er þeirra yfirmaður og skapar það ákveðna togstreitu og jafnvel vandamál hvað varðar stefnu leikskólans í málefnum barna með sérþarfir.

## Námssvið og námsþættir

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999:19) kemur fram að námssvið leikskóla séu áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og lífsleikni.

Eins og áður hefur komið fram hafa starfsmenn verið að undirbúa og hrinda í framkvæmd ákveðnum breytingum í kjölfar þess að leikskólinn tók upp heilsustefnuna. Þessar breytingar fólu m.a. í sér endurskoðun á dagskipulagi og hópastarfi þannig að hvert barn fer nú reglulega í listsköpun og hreyfingu. Fagstjórar í hreyfingu og listsköpun sjá um að halda utan um og skipuleggja það starf sem fram fer á þessum námssviðum. Öll börn fara í listsköpun og hreyfingu einu sinni í viku. Þau börn sem eru í heilsdagsdvöl fara tvisvar í viku í hreyfingu. Staða barnanna á þessum námssviðum er skráð í Heilsubók barnsins.

Í viðtölum við deildarstjóra og leiðbeinendur kemur fram að vinna við önnur námssvið fer fram í daglegu starfi. Sem dæmi er nefnt að málrækt fari fram í samveru- og sögustundum, söngur í daglegum söngstundum og samsöng allra deilda hálfsmánaðarlega. Fram kemur að áhersla er lögð á að kynna börnunum það samfélag sem þau alast upp í og tilheyrja. Börnin fara í vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans og elstu börnin fara í heimsókn í ýmsar stofnanir bæjarins. Þá fara tveir elstu árgangarnir í fjöruferð annað árið og sveitaferð hitt. Lögð er áhersla á að þessar ferðir séu innan bæjarmarka, þar sem það er stefna leikskólans að fara ekki í ferðir út fyrir bæinn. Rætt er um veðrið hverju sinni í tengslum við það hvernig börnin skuli klædd til útivistar.

Þema hvers tímabils er rauði þráðurinn í gegnum starfið og tengt námssviðunum. Sem dæmi um þemu sem tekin eru fyrir á hverju ári eru haustið, ég sjálf/ur, litirnir, vináttan og vorið. Starfsmenn útbúa hugmyndabanka fyrir hvert þema sem tekur mið af aldri barnanna (yngri/eldri) og tengja þau námssviðunum. Unnið er með þemað hverju sinni í samveru- og söngstundum auk þess sem boðið er upp á viðfangsefni því tengt á valsvæðum. Í ársskýrslu og ársáætlun koma fram ýmsir atburðir sem tengjast bæði menningu samfélagsins og eru hluti af menningu leikskólans. Má þar m.a. nefna afmæli leikskólans, útskriftarferð elstu barnanna og foreldrasýningu. Þá tekur leikskólinn þátt í Degi íslenskrar tungu, fær til sín leiksýningar og heldur þorablót.

### **Mat á leikskólastarfinu**

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (225/1995) segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan hans. Í samtali við leikskólastjóra kemur fram að í Heilsubók barnsins eru skráðar upplýsingar um heilsufar, næringu og svefn, félagslega færni, hreyfifærni og listsköpun barnsins. Skráning fer fram tvisvar á ári, að hausti og vori, og út frá þeim upplýsingum eru þroski og færni barnsins metin. Viðhorfskönnun á meðal foreldra er áætluð einu sinni á ári og var í fyrsta skipti framkvæmd vorið 2003. Á fagfundum og starfsmannafundum er reglulega rætt um innra starf leikskólans. Vorið 2004 er ráðgert er að leggja Ecers matskvarðann fyrir. Starfsmannaviðtöl fara fram einu sinni á ári og reglulegir samráðsfundir eru með þroskaþjálfra sem hefur umsjón með þeim börnum sem þurfa sérstuðning. Á tveggja vikna fresti eru haldnir samráðsfundir með rekstraraðila, þar sem farið er yfir rekstur og innra starf leikskólans.

Það er mat skýrsluhöfunda að ekki sé unnið nógu markvisst að því að meta leikskólastarfið. Eins og vikið hefur verið að er skólanámskrá Króks enn á umræðustigi og er mikilvægt að umræða um mat á skólastarfi og matsaðferðir fari fram samhliða þeirri vinnu. Í framhaldi af því þarf að setja skýrt fram hvernig staðið verði að mati, hvað verði metið og hverjir taki þátt í matinu. Einnig þarf að koma fram hvaða aðferðir verða notaðar til að afla gagna og hverjum niðurstöðurnar séu ætlaðar.

### **Þróunarverkefni og umbótastarf**

Þó ekki sé um formlegt þróunarstarf að ræða má segja að starf leikskólans Króks hafi verið í stöðugri mótun og þróun frá upphafi. Af samræðum við leikskólastjóra og þeim skráðu gögnum sem fyrir liggja, má ráða að mikil vinna hefur verið lögð í að leita leiða til þess að ná þeim meginmarkmiðum sem lagt var út frá í upphafi. Starfsmenn hafa verið opnir fyrir því að láta reyna á nýjar hugmyndir og leiðir í leikskólastarfinu og ljóst er að það er að skila sér í markvissara starfi. Leikskólinn er senn að ljúka sínu þriðja starfsári og hafa áherslur og sérstaða hans verið að skýrast. Síðastliðið ár hefur verið unnið að því að taka inn Heilsubók barnsins sem er hluti af heilsustefnunni. Undirbúningur starfsmanna í tengslum við heilsustefnuna hefur falist í því að afla sér þekkingar í tengslum við hreyfingu, heilsu og listsköpun barna,



ýmist á námskeiðum eða skipulagsdögum í leikskólanum. Einnig hafa þeir tekið þátt í starfsþjálfun í leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi.

### **Framtíðarsýn**

Það er ljóst að framtíðarsýn starfsmanna er tengd áherslum heilsustefnunnar og meginmarkmiði leikskólans sem er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Mikið samræmi kemur fram í máli starfsmanna og stjórnenda hvað varðar áherslur og sýn á leikskólastarfið. Sýn þessi er skýr og einkennist af metnaði og trú á að þær áherslur sem verið er að fylgja í leikskólastarfinu séu til góðs fyrir börnin. Þeir telja að starfshættir leikskólans efi sjálfsöryggi barnanna sem sé undirstaða undir frekara nám. Foreldrar hafa einnig sýnt heilsustefnunni áhuga og eru mjög ánægðir með leikskólastarfið. Hjá leikskólastjóra kemur fram að lágt hlutfall fagfólks í leikskólanum sé áhyggjuefni og geti hamlað frekari þróun á leikskólastarfinu.

### **Samantekt og mat**

Í drögum að skólanámskrá Króks (bls. 5) kemur fram að frá byrjun hafi frjáls leikur verið eitt af því sem stjórnendum hans fannst mikilvægt að leggja áherslu á. Í viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra kemur fram mikil ánægja með áherslur og leiðir í starfi leikskólans. Nefnt er að frjálsi leikurinn eigi að vera og sé í fyrirrúmi í leikskólastarfinu. Skýrsluhöfundar taka undir það að frjálsi leikurinn sé í fyrirrúmi og telja að það skapi leikskólanum nokkra sérstöðu. Þetta lýsir sér í því að leiknum er gefið mjög mikið rými í daglegu starfi, bæði hvað varðar tíma og umhverfi. Þá virðast starfsmenn mjög meðvitaðir um að virða leik barnanna og styðja við hann þegar það á við. Það er mat skýrsluhöfunda að starfsmönnum takist að skapa umhverfi sem styður við frjálsan leik, hreyfingu, sköpun og félagsleg tengsl barnanna. Námssviðin hreyfing og listsköpun eru mjög sýnileg í daglegu starfi og markviss skráning fer fram á þekkingu, færni og virkni barnanna á þessum sviðum auk félagslegrar færni þeirra. Eins og fram kemur í viðtölum við starfsmenn og greint er frá hér að framan, fléttast áherslur á öðrum námssviðum inn í daglegt starf leikskólans. Þar á sér þó ekki stað eins markviss skráning í tengslum við upplifanir eða nám barnanna á þessum sviðum. Af viðtölum við starfsmenn, vettvangsathugunum og þeim skráðu gögnum sem skoðuð hafa verið má ráða að í uppeldis-

og menntastarfinu sé verið að sinna þeim áherslum sem fram koma í Aðalnámsskrá leikskóla.

## **Samskipti, samstarf og starfsandi**

Skýrsluhöfundar leituðu eftir upplýsingum um samstarf og samskipti í viðtölum við starfsmenn ásamt því að fylgjast með samskiptum á vettvangi. Hér á eftir verður vikið að samskiptum í starfsmannahópnum, samskiptum fullorðinna og barna og samskiptum í barnahópnum.

### **Samskipti milli starfsmanna**

Starfsmenn eru almennt sammála um að góð samvinna og starfsandi séu ríkjandi í leikskólanum. Þeir upplifa mikla starfsánægju í vinnunni og telja þetta gefandi og skemmtilegt starf. Þegar starfsmenn eru beðnir um að nefna gildi leikskólans sem starfsvettvangs nefna þeir börnin og samskiptin við þau. Einnig er nefnt að starfið gefi þeim tækifæri til samvinnu og samskipta við fjölbreyttan hóp af fólki, t.d. samstarfsfólk og foreldra. Þátttaka í þróunarstarfi skólans sem sé enn í mótun er einnig nefnd sem mikilvægur liður í starfsánægjunni; „það er alltaf verið að fást við eitthvað nýtt og spennandi!“ eins og einn starfsmaður komst að orði. Áberandi er hve starfsmenn eru ánægðir með „nýja skipulagið“ eins og það er almennt nefnt. Breytingarnar virðast hafa leitt til þess að starfsmenn eru sáttari við eigin starfsaðferðir og telja einnig að verið sé að koma til móts við þarfir barnanna. Þetta lýsir sér í því að þeir segja að börnin séu sáttari þar sem ekki sé alltaf verið að taka þau úr verkefnum til þess að fá þau til þess að gera eitthvað sem þau hafa ekki áhuga á hér og nú. Greina má að sýn þeirra á nám og kennslu og hlutverk sitt í því ferli hefur breyst. Einn starfsmaður orðaði þetta á þann veg að nú sé „verið að vinna meira á forsendum barnsins, í stað þess að áður var maður upptekinn af því að koma öllu sínu til skila“. Deildarstjórar segja starfsmenn ræða mikið saman, samvinna sé mikil og auðvelt sé að hnika til ef eitthvað óvænt komi upp á. Þær segjast allar gegna ákveðnum hlutverkum en reyni ævinlega að aðstoða þvert á hópa og reynt sé að leysa hvern vanda þegar hann kemur upp.

### **Samskipti barna og starfsmanna**

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeim finnst samskipti vera mikilvægur þáttur í starfinu og að skipulag starfsins eigi að taka mið af börnunum. Þá er þeim tíðrætt um mikilvægi þess að börnin fari frá þeim sjálfsörugg og glöð. Starfsmenn skipta sér á leiksvæði barnanna og eru til staðar meðan þau eru að leik. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og áhuga á því sem þau eru að fást við hverju sinni. Starfsmenn sýna börnunum athygli að fyrra bragði, eru ýmist til staðar eða þátttakendur í leik þeirra. Í matartímum sitja starfsmenn til borðs með börnunum, taka þátt í umræðum þeirra og aðstoða þau eftir þörfum.

### **Viðhorf og samskipti barna**

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeir telja mikilvægt að efla félagslega færni barnanna. Þeir segja foreldra vilja fá upplýsingar um félagaval barnanna og það hvernig þeim gengur í samskiptum við önnur börn. Eins og áður hefur komið fram er frjáls leikur, hreyfing og listsköpun ríkjandi í skipulagi Króks. Þann tíma sem skýrsluhöfundar voru á ferð mátti sjá börnin ýmist í skipulögðu starfi eða frjálsum leik. Greinileg leikgleði ríkti á meðal barnanna og ekki varð annað séð en að samskiptin á milli þeirra gengju vel fyrir sig. Í hreyfisal mátti sjá einn hóp í þrautabraut, nokkur börn voru í leik á hlutverka- og kubbasvæði á meðan önnur kusu að vera í rólegum leik og/eða samræðum á meðan þau teiknuðu og klipptu. Mikil hreyfing var bæði á börnum og starfsmönnum en þrátt fyrir það gengu samskipti þeirra vel fyrir sig og óvenju mikil ró og einbeiting vitist ríkjandi.

## **Samstarf og samskipti við umhverfi skólans**

Þeir þættir sem aðallega var horft til í tengslum við samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans voru samskipti við foreldra barnanna og aðila utan leikskólans. Skýrsluhöfundar leituðu upplýsinga um markmið og leiðir í foreldrasamstarfinu í viðtölum við fulltrúa foreldra, við leikskólastjóra og starfsmenn leikskólans. Einnig var stuðst við rituð gögn eins og kynningarbækling til foreldra, fréttabréf, niðurstöður viðhorfskönnunar á meðal foreldra og starfsmannahandbók.

### **Samstarf við foreldra**

Í kynningarbæklingi til foreldra kemur fram að samstarf foreldra og leikskóla sé talin mikilvæg forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum (*Leikskólinn við Krók*, kynningarbæklingur til foreldra). Í starfsmannahandbók er vikið að nokkrum meginreglum í samskiptum starfsmanna við foreldra. Almennt er foreldrasamstarfið talið gott og samskiptin jákvæð. Samstarf fer einkum fram í daglegum samskiptum en einnig í skipulögðu starfi s.s. á foreldrafundum, í foreldrakaffi, í einkaviðtölum og með útgáfu fréttabréfa. Í fatalefum eru töflur ætlaðar upplýsingum til foreldra. Þar er matseðill vikunnar hengdur upp en einnig áhugaverðar greinar eða fréttir sem tengjast leikskólastarfi og uppeldi barna. Fram kemur að samstarf við foreldra barna á yngri deildum er meira en á þeim eldri. Í samtali við leikskólastjóra kemur fram að foreldrar hafa ekki formleg áhrif á mótun eða skipulagningu leikskólastarfsins. Aðspurð segir hún að sér virðist sem foreldrar hafi ekki mikinn áhuga á því að koma að mótun eða skipulagningu innra starfsins. Þetta birtist m.a. í því að afar fáir þeirra svari könnun þegar leitað er eftir viðhorfum þeirra og óskum varðandi starfið. Þátttaka á foreldrafundum, opnu húsi og öðrum skipulögðum samkomum hefur verið mjög góð. Dæmi eru um það að ekki eingöngu foreldrar og systkini mæti heldur líka afar og ömmur.

### **Viðhorf foreldra**

Viðhorfskönnun var lögð fyrir foreldra síðastliðið vor. Eins og áður hefur komið fram var þátttaka frekar dræm en þeir foreldrar sem svöruðu eru almennt ánægðir með daglegt starf, aðstöðu og búnað leikskólans. Í viðtölum við fulltrúa foreldra kemur fram mikil ánægja og jákvætt viðhorf til leikskólastarfsins. Fram kemur það viðhorf að samstarfið sé ekki eingöngu á ábyrgð starfsmanna, „foreldrar þurfa líka að bera sig eftir samstarfi, ef maður gerir það þá er það líka gott“. Foreldrar nefna sem kost að starfsmannahópurinn sé á misjöfnum aldri og telja gott fyrir börnin að kynnast fólki á öllum aldri. Nefnt er að breytingar á dagskipulaginu hafi tekist vel og að bæði börn og starfsmenn virðist njóta sín í leik og starfi. Sérstök ánægja er með aðdraganda og kynningu á þeim áherslum sem teknar hafa verið upp. Foreldrar vissu hvað var að gerast og fyrirhugaðar breytingar voru kynntar vel fyrir þeim áður en þær komu til framkvæmda. Þá lýsa foreldrar yfir ánægju með fæðið í leikskólanum, þar sé fjölbreyttur og venjulegur heimilismatur á borðum auk grænmetis sem börnin læri að

borða. Fram kemur að börnin hafi gert tilraunir með að rækta sitt eigið grænmeti. „Það hafði góð áhrif á strákin minn“ sagði ein móðirin.

Í áðurnefndri viðhorfskönnun komu fram atriði sem foreldrar höfðu áhyggjur af. Þar er helst að nefna örar mannabreytingar og skort á fagmenntuðu fólki. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið þess er einkum að standa vörð um hag og velferð barnanna, vera hagsmunaðili fyrir foreldra og þjappa foreldrum saman. Foreldrafélagið styður við leikskólastarfið með ýmsum hætti t.d. með því að taka þátt í kostnaði á skemmtunum og ferðum á vegum skólans, gefa út söngbók barnanna o.fl. Þá skipuleggur það fjölskylduhátíð að vori og tekur þátt í undirbúningi jólaskemmtunar barnanna ásamt RV-Ráðgjöf og starfsmönnum leikskólans.

### **Aðrir samstarfsaðilar**

Leikskólinn hefur fengið ráðgjöf og stuðning vegna nokkurra barna frá þroskaþjálfara og talmeinafræðingi sem starfa á vegum félagsmálaskrifstofu Grindavíkurbæjar. Á síðasta ári tók leikskólinn upp samstarf við heilsugæslu Suðurnesja sem felst í því að hjúkrunarfræðingur kemur nú í leikskólann og framkvæmir þroskaþróf sem áður voru framkvæmd á heilsugæslu í tengslum við þriggja og hálfis árs og fimm ára skoðun. Þá hefur leikskólinn nýverið tekið upp samstarf sem felst í því að sjúkraþjálfari kemur í leikskólann tvisvar í viku vegna þeirra barna sem þurfa sérhæfðari hreyfiþjálfun. Aðrir samstarfsaðilar eru grunnskólinn og ýmsar stofnanir í bæjarfélaginu, þá helst í tengslum við heimsóknir og verkefni elstu barnanna. Samkvæmt verksamningi á fræðslu- og uppeldisnefnd Grindavíkur að hafa faglegt eftirlit með leikskólastarfinu. Að sögn leikskólastjóra er ekki um formlegt samstarf eða samráð að ræða við fræðslu- og uppeldisnefnd að öðru leyti en því að nefndin fær senda ársskýrslu leikskólans. Leikskólastjóri á regluleg samskipti við fulltrúa Nýsis sem er eigandi skólans og einnig við rekstaraðila leikskólans, RV-Ráðgjöf. Þá á leikskólastjóri í óformlegu samstarfi við aðra leikskólastjóra á Suðurnesjum.

### **Niðurstöður**

Við mat á starfi leikskólans Króks var skoðað hvort starfsemi hans væri í samræmi við þau lagalegu viðmið sem stuðst var við í matinu. Þegar matsniðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að leikskólinn uppfyllir í meginatriðum þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og

búnað, fjölda barna og skiptingu á deildir, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Í heildina er unnið mjög gott starf í leikskólanum Króki, þar ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, milli barnanna, við börnin og foreldra þeirra. Foreldrar eru einnig mjög ánægðir með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu. Mesti styrkur skólans tengist stjórnun hans, ekki síst hinum kröftuga og metnaðarfulla leikskólastjóra sem leiðir starfið af mikilli festu við afar erfiðar aðstæður. Leikskólastjóra tekst greinilega að vera hinn sýnilegi faglegi leiðtogi sem starfslýsing hans segir til um (sjá bls. 9). Skýrsluhöfundum virðist sem starfsmenn beri mikið traust til bæði leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og að þær séu sýnilegir leiðtogar hópsins. Hér er bæði vísað til þess að stjórnendur eru allt í senn leiðtogar, ráðgjafar og mikilvægar fyrirmyndir. Augljóst er að sú leið sem stjórnendur hafa valið til að tryggja samræmi og gæði í starfinu, þ.e. að skrá niður áherslur, leiðir og vinnulag, er leiðbeinandi fyrir starfsmenn og veitir þeim öryggi í starfi. Skýrsluhöfundar telja fulla ástæðu til að taka undir orð leikskólastjóra um að það sé áhyggjuefni hve lágt hlutfall starfsmanna hefur fagmenntun og er það einn helsti veikleikinn í starfi leikskólans.

Þá er það mat skýrsluhöfunda að rekstrarform leikskólans sé afar flókið og mikið aukaálag fylgi því að halda utan um og hafa yfirsýn yfir ábyrgð og hlutverk hvers og eins. Hér er vísað til þess að þrjár aðilar koma að rekstri leikskólans. Þetta eru Nýsir sem á húsnæði, búnað og kennslugögn leikskólans, RV- Ráðgjöf sem er rekstraraðili skólans og loks Grindavíkurbær sem kaupir þjónustu af áður nefndum aðilum og sér um bæði ráðgjöf og ráðningu þeirra starfsmanna sem sinna sérkennslu í leikskólanum.

Skólanámskrárgerð er skammt á veg komin og mikilvægt er að móta skýrt vinnulag sem miðar að því að auka skilning og þátttöku alls starfshópsins. Ekki er unnið nógu markvisst að því að meta leikskólastarfið. Umræða um mat á skólastarfinu og matsaðferðir þarf að fara fram samhliða skólanámskrárgerðinni. Setja þarf skýrar fram starfsmannastefnu og símenntunaráætlun leikskólans.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að varpa ljósi á starfshætti í leikskólanum Króki í Grindavík. Athyglinni var fyrst og fremst beint að því hvort starfsemin væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og Aðalnámskrár leikskóla. Aflað var upplýsinga með viðtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra, starfsmenn og foreldra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfinu á vettvangi og greindu skráð gögn um leikskólastarfið.

Matið leiðir í ljós að mjög gott starf fer fram í leikskólanum Króki. Meginkostir leikskólans felast í stjórnun hans og markvissu uppeldis- og menntastarfi þar sem frjáls leikur er hafður í fyrirrúmi. Helstu veikleika skólans má telja skort á fagmenntuðu fólki og flókið rekstrarform. Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður mats þessa, bæði það sem dregið hefur verið fram sem kostir leikskólans en einnig það sem betur mætti fara, nýtist til frekari uppbyggingar í starfsemi leikskólans.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

*Ársskýrsla leikskólans Króks* 2002.

Heilsuefling í skólum. *Menntamálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, landlæknisembættið.* [án árt.].

Kjarasamningur Félags leikskólakennara og launanefndar sveitarfélaga 2002  
*Starfshýsingar leikskólakennara.*

*Króksfréttir.* Fréttabréf leikskólans við Krók. 3. árg. 2. og 3. tbl. 2003.

*Leikskólinn við Krók.* Kynningarbæklingur ætlaður foreldrum. [án árt.].

*Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995*

*Reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.*

Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

Skilaboðaskjóðan. Fréttabréf starfsfólks leikskólans við Krók. 1. árg. 2. og 3. tbl. 2003.

Skólanámskrá Króks (*drög*) [án árt.].

*Starfsmannabandbók* [án árt.].

*Niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal foreldra,* 2003.

Önnur gögn:

Dagskipulag Króks.

Listi yfir dvalartíma barna



## Fylgiskjöl

### **Viðtalsrammi fyrir leikskólastjóra Króks**

Fá upplýsingar um rekstrarform leikskólans, stjórn og samstarfsaðila.

Fá útskýringar á skipuriti?

#### **A:**

1. Hvert er starfshlutfall leikskólastjóra og hver eru meginverkefni?
2. Hvað starfa margir við leikskólann (fjöldi og stöðugildi, menntun) stöðuhlutföll? Hvernig skiptist fjöldi starfsmanna á deildunum?
3. Hvernig er starfsmannaveltan, eru tíðar breytingar?

#### **B:**

1. Hver eru meginmarkmið leikskólastarfsins?
2. Staða í skólanámskrárvinnu – hvernig er hún unnin?
3. Hver skipuleggur uppeldisstarfið á deildunum?
4. Hvernig er starfið undirbúið? Hverjir koma að ákvörðunum?
5. Eru tekin starfsmannaviðtöl (hver, hvenær, hversu oft)?
6. Hvernig er samskiptum leikskólastjóra og starfsmanna háttað?
  - a. Hversu oft eru deildarstjórafundir haldnir?
  - b. Hversu oft eru deildarfundir haldnir?
7. Hvernig er samskiptum starfsmanna og foreldra háttað?
8. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar utan skólans og hvernig er samstarfi við þá háttað?

#### **C:**

Hverjir eru meginbærir leikskólastarfsins í leikskólanum? Og hverjir eru helstu veikleikararnir. T.d. fyrir eftirfarandi þætti:

- Foreldrasamstarf
- Dagskipulag
- Heildarskipulagið
- Uppeldisstarfið
- Dvalartími barna, lengd og álagstímar
- Stjórnunarstíl og samstarf

## Viðtalsrammi fyrir deildarstjóra

Menntun - formleg og fjöldi námskeiða Vinnutími deildarstjóra - mönnun í leikskólanum.

1. Hversu oft eru deildarstjórafundir og hvernig er venjuleg dagskrá þeirra.
2. Hversu oft haldið þið deildarfundir? Hvernig skipuleggið þið deildarfundir?
3. Hvernig skipuleggið þið uppeldis- og menntastarfið með börnunum?
4. Hvaða skipulagi er fylgt (innra starf og ytri rammi) með yngri /eldri börnunum?
5. Staða vinnu við skólanámskrá – hverjir koma að þeirri vinnu – hvernig hefur sú vinna gengið?
6. Hvernig eru markmiðin útfærð: Gleði og vellíðan með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi?
7. Getið þið nefnt dæmi um það hvernig unnið er með námssviðin t.d. skapandi starf, náttúra og umhverfi?
8. Í drögum að skólanámskrá leikskólans kemur fram að frá upphafi hafi verið áhersla á frjálstan leik – hvernig birtist það í starfi/skipulagi leikskólans?
9. Hvernig er hópastarfið skipulagt/hvað er í boði? Áherslur eldri /yngri börn?

Hvað er gert til að :

- virkja sköpunargleði barnanna
- hvernig skipuleggið þið skapandi starf.
- hvaða aðferðum beitið þið til að stuðla að jákvæðum upplifunum hjá börnum.
- að efla félagslega færni barnanna

10. Hvernig nýtið þið hæfni samstarfsfólksins á deildinni?
11. Hvernig skipuleggið þið foreldrasamstarfið á deildinni? (Foreldraskýrslur eru nefndar í pappírurum – hvert er markmiðið með þeim og hvað innihalda þær ?)
12. Hvernig fer aðlögun barnanna fram?
13. Hvaða uppeldis- og menntunarþætti eru mikilvægastir á ykkar deild/hvers vegna?
14. Hvaða áhrif hefur dagskipulagið á uppeldis- og menntastarfið?
15. Hvaða árangri viljið þið helst ná með börnunum?
16. Hvernig er unnið með einstaklingsmun barnanna?
17. Hvernig finnst þér leikskólinn vera m.t.t. upplýsingamiðlunar t.d. um:

- markmið leikskólans
- skipulag og þróun
- tengsla á milli yfir og undirmanna / tengsla á milli starfsmanna almennt

18. Hvaða tilfinningu hefur þú fyrir vinnuumhverfinu hvað varðar :

- gagnkvæma virðingu, tillitsemi og vinnugleði?

19. Hvað finnst þér um samskipti og samvinnu við samstarfsfólk, stjórnendur og foreldra?

## Viðtalsrammi fyrir leiðbeinendur og fagstjóra

Menntun s.s. fjöldi námskeiða

Vinnutími / hvort stöðugleiki sé í starfinu?

### Samskipti, samstarf og starfsandi:

1. Er þér ljóst hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til þín í starfi?
2. Hversu ánægð ert þú með starfssvið þitt og verkefni?
3. Hvernig finnst þér leikskólinn vera m.t.t. upplýsingamiðlunar t.d. um:
  - a. Markmið leikskólans
  - b. Skipulag og þróun
  - c. Tengsla á milli yfir og undirmanna
  - d. Tengsla á milli starfsmanna almennt
4. Hvaða tilfinningu hefur þú fyrir vinnuumhverfinu hvað varðar :
  - a. Gagnkvæma virðingu, tillitsemi og vinnugleði?
5. Hvað finnst þér um samskipti og samvinnu við samstarfsfólk, stjórnendur og foreldra?

### Daglegt starf – áherslur í leikskólastarfinu

1. Hefur þú lesið / kynnt þér drögin að skólanámskránni?
  - Hefur þú komið að gerð þeirra?
  - Hvernig finnst þér sú vinna hafa gengið?
2. Í drögum að skólanámskrá Króks koma fram meginmarkmið í leikskólastarfinu: *Gleði og vellíðan með áherslu á næringu, breytingu og listsköpun í leik og starfi?*
  - Hvernig er unnið með þessa þætti?
3. Hvaða áhrif hefur dagskipulagið á uppeldis- og mentunarstarfið á deildinni?
4. Hvernig er unnið með þau námssvið sem nefnd eru í Aðalnámskrá leikskóla?  
t.d. skapandi starf, náttúru og umhverfi og menning og samfélag.  
Ath. Áherslur yngri /eldri börn
5. Hvað er gert í hópastarfi:

- Hverjar eru áherslurnar/markmið þar
  - Hvað er tekið fyrir hvers vegna? Áherslur eldri/ yngri börn
6. Hvað er gert til að :
- virkja sköpunargleði barnanna
  - hvernig skipuleggið þið skapandi starf.
  - hvaða aðferðum beitið þið til að stuðla að jákvæðum upplifunum hjá börnum.
  - að efla félagslega færni barnanna
7. Hvað með áherslur í frjálsum leik barnanna?:
- Umhverfi - tími – skipulag – efniviður
8. Hvaða árangri viltu helst ná með börnunum?
9. Hverjir eru möguleikar þínir til að hafa áhrif á starfið?
10. Hvernig er unnið með einstaklingsmun barnanna ?